

Bergur Ebbi – Lífsverk stjórnarkjör, apríl 2023
Æviágrip og stefnumál



Bergur Ebbi er fæddur 1981 og starfar sem fyrirlesari, rithöfundur og listamaður. Bergur Ebbi er lögfræðingur frá Háskóla Íslands frá 2007, með próf til að öðlast málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi frá Lögmannafélagi Íslands 2011, auk MDes gráðu í framtíðar- og nýsköpunarfræðum frá Ontario College of Art and Design (OCAD University) í Toronto frá 2015.

Bergur Ebbi er alþjóðlegur fyrirlesari með tveggja áratuga reynslu af opinberri framkomu og álitsgjöf. Hefur hann flutt erindi við erlendar fræðistofnanir og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Býr hann yfir innlendu og alþjóðlegu tengslaneti í heimi lista, stjórn mála, fjölmiðlunar og viðskipta. Útgefin verk Bergs Ebba eru meðal annars bækurnar Stofuhiti (2017) og Skjáskot (2019) ásamt ljóðabókum, leikritum, tónverkum og ýmsum verkum fyrir útvarp og sjónvarp.

Bergur Ebbi hefur um árabíl flutt erindi um framtíðargreiningu- og stefnumótun og leitt vinnustofur á sviði stefnumótunar fyrir bæði stofnanir og fyrirtæki auk þess að sitja í ýmsum stjórnnum og ráðum, meðal annars í stjórn Almennaróms frá 2019-2021 og sem varaformaður stjórnar UN Women á Íslandi. Bergur Ebbi hefur verið sjóðsfélagi í Lífsverk lífeyrissjóði frá 2009 og hefur setið sem varamaður í stjórn frá árinu 2019. Hann sat sem varamaður í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkur frá 2011 til 2014.

Með framboði sínu til stjórnar Lífsverks lífeyrissjóðs vill Bergur Ebbi nýta þekkingu sína og tengslanet til að veita sjóðnum breiðari skírskotun, bæði með tilliti til vannýttra tækifæra í endurnýjun sjóðsfélaga og einnig með því að veita lengri og víðari sýn inn í framtíðina.

Stefnumál

- 1) **Frumkvæði og nýjar fjárfestingar** - Lífsverk á að sýna frumkvæði í umræðu um lífeyrismál. Það liggur fyrir að lífeyrissjóðskerfi landsins er orðið miklu stærra og viðameira en þorri almennings gerir sér grein fyrir og framundan er mikil umræða um hvernig lífeyriskerfið muni taka þátt í geysistörum fjárfestingum og uppfærslu samfélagsins. Það er mikilvægt að kerfið sé ekki aðeins reaktívt heldur sýni einnig frumkvæði og taki þátt í að skapa fjárfestingarmöguleika framtíðar. Lífsverk gæti m.a. kynnt sér nánar fjárfestingar í innviðum sbr. þá umræðu sem Landssamtök lífeyrissjóða hefur staðið fyrir að undanförunu. Í stjórn sjóðsins er mikilvægt að stórar hugmyndir um framtíð lífeyrissjóðskerfisins fái að heyrast. Þá hefur frambjóðandi tengsl og þekkingu til að koma sjóðnum í leiðandi hlutverk í þeirri umræðu.
- 2) **Sérgreining** - Lífsverk getur gert sig mun samkeppnishæfari fyrir ungt, háskólamentað fólk úr margvíslegum greinum. Það verður sífellt algengara að fólk hafi fjölþættan menntunarbakgrunn og komi víða við á sínum starfsferli. Lífsverk ætti að koma til móts við slíkt fólk, en eins og staðan er í dag gerir sjóðurinn ekki nóg til að skera sig frá öðrum lífeyrissjóðum. Sífellt stærri hluti vinnuafslans mun vinna á eigin forsendum í framtíðinni og á það ekki síst við um fólk með mikla menntun og háar tekjur. Lífsverk ætti að setja sér það sem markmið að ná eyrum þessa fólks og koma til móts við þarfir þess. Þá stendur vinnumarkaðurinn í heild frammi fyrir stórum hreyfiöflum líkt og sjálfvirknivæðingu, fjarvinnu, breyttri aldurssamsetningu og gerbreyttu gildismati sem hefur áhrif á starfsemi lífeyrissjóða til lengri tíma. Nauðsynlegt er að rödd sem hefur skilning og áhuga á þessum þáttum fái að heyrast á vettvangi félagsins.
- 3) **Sýnileiki** – Það er mikilvægt að sú mikla þekking sem byggst hefur upp í tengslum við lífeyrismál sé miðlað rétt til sjóðsfélaga og framtíðar sjóðsfélaga. Sjóðurinn getur staðið sig mun betur í upplýsingamiðlun og mikilvægt er að hugsa upp nýjar leiðir til að gera lífeyrismál áhugaverð. Hefur frambjóðandi sinnt þessum málaflokki um árabil og tekið þátt í opinberum viðburðum og komið fram í fjölmiðlum og hefur þannig víðað að sér mikilli reynslu í þeim málum sem hann vill deila með sjóðnum.